

Hverfisráð Árbæjar

Ár 2015, þriðjudaginn 1. september, var haldinn 115. fundur hverfisráðs Árbæjar. Fundurinn var haldinn í Árbæjarskóla og hófst hann kl. 16:15. Viðstödd voru: Þorkell Heiðarsson, formaður, Jónína Ingibjörg Samúelsdóttir, Alda Magnúsdóttir, Hildur Oddsdóttir og Þráinn Árni Baldvinsson. Einnig voru viðstödd: Sólveig Revnisdóttir, Framkvæmdastjóri ÞÁG. Elvar Örn Þórisson, áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Árbæjar, Þorsteinn Sæberg, skólastjóri Árbæjarskóla. Trausti Jónsson, verkefnastjóri ÞÁG ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Stígagerð í tengslum við endurnýjun Reykjaæðar – kynning. Stefán Agnar Finnsson tekur sæti á fundinum. Guðbjörg Sveinbjörnsdóttir tekur sæti á fundinum kl. 16:40

Bókun hverfisráðs:

Hverfisráð Árbæjar lýsir yfir ánægju með breytta tillögu sem starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs kynntu ráðinu og viðkemur göngu- og hjólastígum í gegnum Ártúnsholt í tengslum við endurnýjun OR á hitaveitulögnum í gegnum hverfið (Reykjaæð). Í nýrri tillögu hefur verið tekið tillit til ábendinga nágretta sem fram komu á fundi s.l. vor. Tillagan vinnur að mati hverfisráðs vel að því marki að auðvelda hjólaumferð um hverfið á sama tíma og fullt tillit er tekið til öryggis gangandi vegfarenda. Hverfisráð Árbæjar leggur áherslu á að samhliða fyrirhuguðum framkvæmdum á lögnum og stígum verði ráðist í löngu tímabæra endurnýjun leiksvæðisins sem lögnin liggur um við Sílakvísl.

2. Hverfisskipulag næstu skref í Árbænum – kynning og umræður. Ævar Harðarsson tekur sæti á fundinum.

Hildur Oddsdóttir, yfirgefur fundinn kl. 17:15.

3. Starfshópur um þjónustuveitingu RVK – kynning og umræður Óskar J. Sandholt tekur sæti á fundinum.
4. Önnur mál.
 - a. útskrift úr gerðabók dags. 15.07. 2015. Tillaga að deiliskipulagi lóðarinnar nr. 103 – 105 við Hraunbæ.
 - b. Útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagssviðs dags. 03.07. 2015. Verklýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur, breytingar á athafnasvæði Norðlingaholts.
 - c. Minnisblað lagt fram til kynningar frá stjórnkerfis og lýðræðisráði.

Fundi slitið kl. 18:20

Hildur Oddsdóttir
Alda Magnúsdóttir

Þorkell Heiðarsson

Jónína Ingibjörg Samúelsdóttir
Þráinn Árni Baldvinsson